

Fundargerð

1. fundur stjórnar 2021-2022

haldinn 15. september 2021, kl. 9:00
að Urriðaholtsstræti 14 í Garðabæ.

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Hildur Helga Gísladóttir, Laufey Guðmundsdóttir. Varastjórn: Ásdís Eva Hannesdóttir, Einar Hermannsson og Hrannar B. Arnarson.

Forföll tilkynntu: Vilmundur Gíslason og Kristín Ólafsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar og aðalfundar
2. Lagfæring húsnæðis
3. Verkaskipting stjórnar
4. Skipan í vinnuhópa
5. Ráðning starfsmanns
6. Fundur fólksins - kynning
7. Önnur mál

Formaður minntist í upphafi fundar Jónasar Þóris Þórissonar sem lést 8. ágúst síðastliðinn. Jónas var ötull félagsmálamaður, tók virkan þátt í stofnun Almannaheilla og var mikill áhugamaður og baráttumaður fyrir hagsmunum samtakanna.

1. Síðasta fundargerð stjórnar samþykkt og fundargerð aðalfundar staðfest.
2. Rætt um húsnæðismál. Parket hefur lyft sér og húseigendur upplýstir um það.
Samþykkt að halda starfsdag stjórnar til þess að fara yfir áherslur samtakanna og skipuleggja starfsemina og verkefni framundan. Formaður mun finna heppilegan fundardag í samvinnu við stjórnarfólk.
3. Formaður kynnti stjórnarfólk sem kosið var á aðalfundi Almannaheilla 3. júní síðastliðinn. Jónas Guðmundsson var þar kjörinn formaður. Formaður gerði tillögu um eftirfarandi verkaskiptingu stjórnar að öðru leyti:

Varaformaður: Hildur Helga Gísladóttir.

Gjaldkeri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir.

Ritari: Árni Einarsson.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Rætt um að gott væri að stokka upp í vinnuhópnum, enda nýtt fólk komið í stjórnina frá síðasta starfstímabili. Æskilegt að fólk utan stjórnar taki einnig þátt í hópnum ef áhugi er fyrir hendi.
Samþykkt að formaður sendi stjórn tillögu að vinnuhópnum og skipan þeirra fyrir næsta fund stjórnar. Áður verður kannaður áhugi stjórnarfólks á þátttöku í einstökum hópum.
5. Formaður kynnti hugmynd um ráðningu Stefaníu G. Kristinsdóttur sem starfsmann Almannaheilla til eins árs í hálfu starfi. Stefanía er rekstrarfræðingur að mennt (hefur líka BA í heimspeki, diplómanám í hagnýtri margmiðlun, kennsluréttindi á meistarastigi); hún hefur gegnt störfum verkefnisstjóra, ritstjóra og framkvæmdastjóra (Þekkingarnets Austurlands) og fleiri störfum og er nú doktorsnemi í HÍ. Hún gæti hafið störf fljótlega.

Samþykkt að fela formanni að ganga frá málinu á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.

6. Ásdís Eva fór yfir fund fólksins sem haldinn var í Norræna húsinu dagana 3.-4. september. Stjórnarfolk lýsti yfir ánægju með fundinn, bæði efnistöð og framkvæmd. Fjölmíðlar komu vel að fundinum og áhorf á streymisviðburðum var mikið. Stjórn mun fá skýrslu um fundinn síðar. Hún verður meðal annars notuð sem kynningarefni við öflun styrktaraðila í framhaldinu. Rætt um að gott væri að hefja undirbúning að Fundi fólksins 2022 sem fyrst. Norræna félagið mun einnig sjá um framkvæmdina þá. Í umræðum lögð áhersla á að aðildarfélögin kynni fundinn vel í sínum ranni. Einnig rætt um samning Almannaheilla og Reykjavíkurborgar um framkvæmd fundarins.
7. A. Formaður sagði frá viðræðum við Garðabæ um samstarf um félagslega nýsköpun.
B. Rætt um norrænt samstarf.

Fundi slitið kl. 11:35.